

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Húnavatnshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Húnavatnshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

Deiliskipulag fyrir Æsustaðanámu.

Deiliskipulagssvæðið er um 2,4 ha að stærð og er í landi Æsustaða í Langadal. Gert er ráð fyrir að vinna allt að 25.000 m³ af malarefni í klæðningu til viðhalds á yfirborði hringvegjar í Langadal og Vatnsskarði í Austur-Húnavatnssýslu. Aðkoma að námusvæðinu verður frá hringvegi, norðan afleggjara að Æsustöðum.

Ofangreint deiliskipulag hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Húnavatnshreppi, 18. mars 2013.

Jens P. Jensen sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 8. apríl 2013